



## Krikaskóli

Skólaráð Krikaskóla

16. október 2024

Mætt: , Guðfinna Birta, Alexandra, Viktoría Unnur, Soffía, Ásta og Freyja Leópoldsdóttir

Starfsáætlun Krikaskóla - farið var yfir helstu þætti sem leggja á áherslu á þetta skólaárið. Krikaskóli ætlar að leggja áherslu á gott foreldrasamstarf og fá foreldra meira inn í hús. Starfsfólk ætlar að leggja áherslu á bætt upplýsingaflæði á milli heimili og skóla. Ákall hefur verið frá foreldrum á betra upplýsingaflæði.

Upphaf skólastarfsins - farið var yfir upphafið á skólaárinu. Allt hefur gengið vel í upphafi þrátt fyrir ýmsa hnökra og mikil forföll hjá starfsfólki. Ekki þarf að ráða í margar stöður að svo stöddu.

Mentor - nýtt upplýsingakerfið tekið til notkunar fyrir grunnskólahluta í haust. Allir kennarar fara á námskeið til þess að kynna sér Mentor og til hvers við ætlum að nota hann. Ákveðið var að taka innleiðinguna í hægum skrefum.

Rætt um öryggismyndavélar á skólalóðinni. Þurfum að koma því í ferli og fá skoða tilboð. Hugmynd að byrja smátt og bæta við. Það er ekkert sem bærinn tekur þátt í.

Önnur mál:

Finna þarf nýjan formann Skólaráðs fyrir skólaárið. Guðfinna hefur ákveðin aðila í huga og ætlar að leiða skólastjóra og aðilann saman.

Krikaskóli hlaut styrk úr samfélagssjóði Krónunnar fyrir þreföldu Bambahúsi. Húsið mun koma með haustinu á skólalóðina. Allir starfsmenn Krikaskóla yfir sig ánægðir með nýju viðbótina.